



Mánaðamót

1. apríl 2026

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – apríl 2026

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1. apríl Fundargerð peningastefnunefndar (SÍ)	2	3 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
6	7	8	9	10 Brottfarir um Keflavíkurflugvöll (FMST) Skráð atvinnuleysi í mars (VMST) Verðbólga í Bandaríkjunum
13	14	15	16 Íslandsbanki og Ölgerðin birta uppgjör	17 Greiðslumiðlun í mars (SÍ)
20	21 Vísitala íbúðaverðs í mars (HMS) Velta skv. VSK-skýrslum f. jan.-feb. (HAG) Hagar birta uppgjör	22 Vísitala launa í mars (HAG) Vísitala leiguverðs í mars (HMS) Verðbólga í Bretlandi	23 Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS)	24
27	28 Icelandair og Síminn birta uppgjör	29 Vísitala neysluverðs í apríl (HAG) Útlánakönnun fyrir 2. ársfjórðung (SÍ) Gistinætur í mars (HAG) Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum	30 Festi, Landsbankinn, Nova og Sjóvá birta uppgjör Vaxtaákvörðun í Bretlandi Vaxtaákvörðun á evrusvæðinu Verðbólga á evrusvæðinu	




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,55% á milli mánaða í mars og verðbólga hækkaði úr 5,2% í 5,4% eins og við spáðum. Verðbólgan er því yfir 4% efri vikmörkum fjórða mánuðinn í röð og hefur ekki mælst svo há síðan í september 2024.

Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára




Breyting VNV á milli mánaða


Reiknuð húsaleiga og föt og skór hækkuðu minna en við áttum von á. Hins vegar hækkaði matarkarfan, bensín, og umhirða og félagsþjónusta meira en við spáðum. Matarkarfan hækkaði þriðja mánuðinn í röð skarpar en við gerðum ráð fyrir.

Marsmælingar VNV

Breyting milli mánaða og framlag undirliða




Framlag undirliða í mars




Eftir eðli og uppruna

Framlag innfluttra vara til ársverðbólgu jókst nokkuð á milli mánaða sem skýrist að mestu af hækkandi bensínverði vegna stríðsátaka við Persaflóa. Framlag húsnæðis til ársverðbólgu dróst saman, þar kemur bæði til hófleg hækkun á reiknaðri húsaleigu núna í mars og sú staðreynd að stór hækkunarmánuður í reiknaðri húsaleigu datt út úr ársverðbólgunni.

Ársbreyting



Breyting á samsetningu ársverðbólgu





Horfur næstu mánuði

Spá okkar fyrir næstu mánuði er +1,03% í apríl, -0,02% í maí og -0,53% í júní. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan mælast 5,5% í apríl, 5,2% í maí og 4,9% í júní.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Verðbólguþspá*)

Ársverðbólga



*) Spá birt 26. mars 2026
Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans




Stýrivextir

Peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig þann 18. mars sl. Þrír nefndarmenn studdu ákvörðunina, en tveir hefðu kosið annað. Meginvextir bankans standa nú í 7,50%. Óhætt er að segja að tónninn í yfirlýsingu nefndarinnar hafi verið mun harðari en við ákvörðunina í febrúar. Framsýna leiðsögnin var mjög skýr að þessu sinni, þar sem nefndin sagðist vera „tilbúin að herða taumhald peningastefnunnar enn frekar til þess að tryggja hjöðnun verðbólgu að markmiði þótt það gæti hægt enn frekar á efnahagssumsvifum“.

Vaxtaákvæðanir peningastefnunefndar

Dags.	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
18. mar. 2026	+0,25%	3	2		7,50%
20. maí. 2026					
19. ágú. 2026					
7. okt. 2026					
18. nóv. 2026					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði jókst innan mánaðar í mars til tveggja ára (4,7% í lok mánaðar, +0,3 prósentustig innan mánaðar) og til fimm ára (4,4% í lok mánaðar, +0,3 prósentustig innan mánaðar) en var óbreytt til tíu ára (4,0% í lok mánaðar).

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstyrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 4,0% í mars (+0,1 prósentustig á milli mánaða). Raunstyrivextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,0% (-0,1 prósentustig á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,3% (óbreytt á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstyrivextir




Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,09% á milli mánaða í febrúar eftir mikla hækkun í janúar. Hækkunin var drifin áfram af sérþýli á landsbyggðinni, sem hækkaði um 1,7%, en auk þess hækkaði fjölþýli á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Árshækkun vísitölunnar í febrúar mældist 2,4% líkt og í janúar. Síðustu fjóra mánuði hafa íbúðaverðshækkunarir á ársgrundvelli verið minni en hækkunarir á almennu verðlagi. Vísitala íbúðaverðs hefur því lækkað um 2%, á síðustu 12 mánuðum, leiðrétt fyrir verðlagi.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 4,9% í febrúar sem er 0,6% hærra en árið áður. Atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands var 7,9% án árstíðarleiddréttingar og 7,1% árstíðarleiddrét. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er úrtakskönnun og á það til að sveiflast mjög mikið á milli mánaða. Því þarf að fara mjög varlega í að lesa í staka mælingu.



Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 1,5% á milli ára í febrúar að raunvirði. Þar af jókst hún um 13,8% erlendis en kortavelta innanlands dróst sama um 2,0%. Þetta er í fyrsta skipti síðan í ágúst í fyrra að kortavelta innanlands dregst saman. Íslendingar fóru í 11,4% færri utanlandsferðir nú í febrúar en í fyrra, sem bendir til þess að erlend netverslun hafi verið sterk í febrúar.




Staðan í ferðapjónustu

Um 267 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlugvöll í febrúar, um 1,3% færri en í febrúar í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlendis dróst saman um 5,6% á milli ára á föstu verðlagi en jókst um 3,2% á föstu gengi í febrúar og gistinóttum útlendinga á hótélum fjölgaði um 6,3% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan styrktist lítillega í mars gagnvart evrunni, í lok mánaðarins stóð evran í 143,4 (-0,1 krónur innan mánaðarins). Krónan veiktist á móti Bandaríkjadal og stóð hann í 124,9 krónum (+3,3 krónur innan mánaðar) í lok mánaðarins.




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Seðlabankinn greip ekki inn á gjaldeyrismarkað í mars. Á fyrstu 2 mánuðum ársins keyptu lífeyrissjóðirnir gjaldeyri fyrir 15 ma.kr. sem er svipað og á sama tímabil 2023 og 2024.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í mars

6. mars: Hagsjá: Atvinnuleysi ólíkt eftir hópum

9. mars: Hagsjá: Verulegur halli á viðskiptum við útlönd í fyrra

12. mars: Hagsjá: Spáum 5,4% verðbólgu í mars

12. mars: Hagsjá: Spáum hækkun stýrivaxta í næstu viku

26. mars: Hagsjá: Verðbólga eykst í 5,4% - hærra eldsneytisverð skýrir hækkunina

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

